



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi, 18. mars 2015.

**Efni:** Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald á áfengi og tóbak, með síðari breytingum (smásala áfengis), 17. mál, þingmannafrumvarp.

Við er til erindis þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald á áfengi og tóbak, með síðari breytingum (smásala áfengis), 17. mál á 144. lögjafarþingi.

Í frumvarpinu felst að einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR) á smásölu áfengis verði aflagt og smásala áfengis verði að ákveðnu marki gefin frjáls. Sambærileg frumvörp hafa verið lögð fram á síðustu 15 árum en aldrei hlotið afgreiðslu.

Í frumvarpinu felst, verði það að lögum, að áfengi verður í meginatriðum eins og hver önnur neysluvara, aðgengileg í matvöruverslunum. Sterkt áfengi á þó að geyma með sérstökum hætti hjá söluaðilum.

LÍ leggst eindregið gegn því að frumvarp þetta verði að lögum. Allar rannsóknir sýna að aukið aðgengi að áfengi eykur áfengisneyslu og þar með vanda sem leiðir af aukinni neyslu. Engin skynsamleg rök mæla með því að breyta núverandi fyrirkomulagi áfengissölu, þ.e. í sérverslunum. Eignarhald þeirra sérverslana er sérstakt skoðunarefni og þó því yrði breytt þarf ekki jafnhliða að færa sölu áfengis í matvöruverslanir.

LÍ hefur farið yfir þær umsagnir sem þegar hafa borist um frumvarp þetta, en þær eru fjölmargar. Fleiri en færri umsagnaraðilar lýsa sig andsnúna þessu frumvarpi, með sambærilegum rökum og LÍ. LÍ vill í þessu sambandi sérstaklega benda á umsögn embættis landlæknis. Þar er með skýrum hætti farið yfir þann vanda sem er vel þekkt afleiðing aukins frjálsræðis í sölu áfengis. LÍ tekur heilshugar undir umsögn embættis landlæknis.

LÍ bendir einnig á umsögn umboðsmanns barna. Varnarlausustu fórnarlömb ofneyslu áfengis eru börnin. Alþingi hefur nýlega lögfest Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Það er þversagnarkennt að ætla í framhaldi þess að samþykkja frumvarp, sem fyrirfram er vitað að muni hafa neikvæð áhrif á líf og uppvöxt barna og ungmenna sem búa við ofneyslu áfengis í nánasta umhverfi sínu.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson,  
formaður.